

Z O N T A



INTERNATIONAL

F É L A G S L Ö G

Bylaws of Zonta International

Eftir heimsþing í Orlando 2014

**Zontaklúbbur Akureyrar
Mars 2015**

ATH: Þýddar útgáfur af félagslögum ZI eru óopinber plögg. Þýðingar eru velkomnar, vel metnar og gagnlegar í félagsstarfinu.

Efnisyfirlit:

Bls. nr:

1. grein	Nafn	2
2. grein	Markmið	2
3. grein	Stefna	2
4. grein	Félagar	2
5. grein	Árgjöld og önnur gjöld	4
6. grein	Stjórn og meðstjórnendur	5
7. grein	Stjórn ZI	7
8. grein	Framkvæmdanefnd (Executive Committee)	8
9. grein	Framkvæmdastjóri	9
10. grein	Heimsping	9
11. grein	Kjörnefnd (International Nominating Committee)	10
12. grein	Nefndir	11
13. grein	Umdæmi (Districts)	13
14. grein	Klúbbar	19
15. grein	Alþjóðleg einkenni	23
16. grein	Þóknun	23
17. grein	Ályktanir	24
18. grein	Fundarsköp	24
19. grein	Lagabreytingar	24
20. grein	Starfsreglur	25
21. grein	Orðskýringar	26
	Orðskýringar: algeng orð í texta um Zontamál	27
	Handbækur - e – klúbbar	28

Félagslög Zonta International

1. grein Nafn

Nafn þessa félags skal vera Zonta International.

2. grein Markmið:

Markmið Zonta International skal vera:

- a) að bæta lagalega stjórnfélalega, heilsufarslega, efnahagslega, menntunarlega og faglega stöðu kvenna, með því að taka þátt í þjónustuverkefnum og kvennabaráttu, bæði á heimsvísu og í sínu heimalandi,
- b) að vinna að framgangi skilnings, velvilja og friðar með heimsbandalagi félaga Zontaklúbba.
- c) að stuðla að réttlæti og almennri virðingu fyrir mannréttindum og mannhelgi,
- d) að sameinast alþjóðlega til að efla siðgæðisvitund, hrinda þjónustuverkefnum í framkvæmd og efla félagsvitund og samhug félaga sem þjóna umhverfi sínu, þjóð sinni og heimsbyggðinni

3. grein Stefna

1. **Óháð stjórnfélaflokkum og trúarbrögðum.** Zonta International, umdæmi þess og klúbbar skulu vera óháð stjórnfélaflokkum og trúarbrögðum.
2. **Meginreglur og opinber málefni:** Zonta International, umdæmi þess og klúbbar mega hafa skoðun á og berjast fyrir málum sem tengjast markmiðum Zonta í samræmi við stefnu stjórnar ZI (International Board of Directors).

4. grein Félagar

1. **Flokkar.** Félagar í Zonta International skulu vera skuldlausir Zontaklúbbar og eftirfarandi einstaklingar: alþjóðlegir heiðursfélagar, fyrrum alþjóðaforsetar.
2. **Zontaklúbbar.** Klúbbi skal veittur aðgangur að Zonta International og afhent stofnbref, hafi hann:
 - greitt gjöld sín
 - kosið embættismenn
 - lágmarksfjölda stofnfélaga samkvæmt kröfum stjórnar ZI og sé í landi sem stjórn ZI hefur viðurkennt.

Leiðbeiningar um stofnun klúbba er að finna í M. de Forests Membership Manual.

a) *Félagslög.* Að fengnu stofnbreffi skal sérhver klúbbur taka upp klúbblög í samræmi við félagslög ZI. Tveir þriðju (2/3) viðstaddra, atkvæðisbærri féлага þurfa að samþykkja klúbblögin á venjulegum eða sérstaklega til þess boðuðum fundi. Fundarboð með uppkasti að hinum fyrirhuguðu klúbblögum skal senda sérhverjum féлага með a.m.k. 10 daga fyrirvara. Sérhver Zontaklúbbur skal bundinn félagslögum ZI nema einhver ákvæði þeirra brjóti í bága við landslög eða aðrar reglur þar sem klúbburinn starfar, enda tilkynni klúbburinn skriflega stjórn ZI þörf á að fylgja lögum heimalands.

b) *Fjölbreytni féлага.*

- 1) Félagar sérhvers klúbbs skulu starfa í sem fjölbreyttustum starfsgreinum eins og fyrir er mælt í handbók Zontaklúbba og M.deForest handbókinni.
- 2) Klúbbfélagar skulu samanstanda af fjölbreyttum hópi sem endurspeglar markmið ZI.

c) *Lok.* Þátttöku klúbbs í Z.I. má ljúka ef klúbburinn

- 1) greiðir ekki gjöld eða stendur ekki við aðrar fjárhagslegar skuldbindingar til ZI., umdæmis og svæðis (ef innheimt).
- 2) hittist ekki að lágmarki ársfjórðungslega.
- 3) starfar ekki sem Zontaklúbbur.

Ef klúbbi er slitið skal hann hafa greitt upp allar skuldir og staðið við greiðslur til þjónustuverkefna. Eftir greiðslu skulda skal ráðstafa eignum til Zontasjóðsins (ZI Foundation), nema rekstrarfé, sem skal renna til umdæmisins handa nýklúbba- og starfsgreinanevnd þess. Skjölum klúbbsins skal komið í viðeigandi geymslu í samráði við umdæmisstjóra og skjalavörð umdæmisins.

d) *Klúbbslit.* Klúbbur sem ætlar að leysa upp félag sitt verður fyrst að tilkynna það svæðisstjóra. Svæðisstjórinn, ásamt klúbbum, á að leita leiða til að koma í veg fyrir að klúbburinn hætti. Takist það ekki skal svæðisstjórinn tilkynna það umdæmisstjóra sem lætur framkvæmdastjóra ZI strax vita. Klúbburinn skal vera skuldlaus og ráðstafa eignum sínum og skjölum eins og að ofan segir í lið 2,c).

3. Alþjóðlegir heiðursfélagar. Í viðurkenningarskyni fyrir árangur á alþjóðavettvangi í þágu kvenna, eru kosnir alþjóðlegir heiðursfélagar með tveimur þriðju (2/3) atkvæða stjórnar ZI. Þessari félagsaðild fylgja engin réttindi eða skyldur almennrar félagsaðildar. Þessir heiðursfélagar skulu eiga rétt á því að sækja og ávarpa heimsþing, umdæmisþing og klúbbfundi.

4. Fyrrum alþjóðaforsetar. Í viðurkenningarskyni fyrir störf í þágu Zonta skal sæma hvern fráfarandi alþjóðaforseta titlinum fyrrum alþjóðaforseti (Past International President). Titlinum fylgja réttindi en engar skyldur félagsaðildar. Fyrrum alþjóðaforsetar skulu eiga rétt á því að sækja og ávarpa heimsþing, umdæmisþing og klúbbfundi auk þess sem þeir geta á þingum lagt fram tillögur og greitt atkvæði. Þetta

skal á engan hátt hafa áhrif á hæfni fyrrum alþjóðaforseta til félagsaðildar í Zontaklúbbi.

5. grein Árgjöld og önnur gjöld

- 1. Reikningsárið.** Reikningsár Z.I. skal vera frá og með 1. júní til og með 31. maí.
- 2. Árgjöld og önnur gjöld til Z.I.** (í USD) skulu ákvörðuð með tveimur þriðju (2/3) atkvæða atkvæðisbærra, viðstaddra fulltrúa á heimsþingi og skulu greiddast í samræmi við verkreglur ZI, (Rules of Procedure).
- 3. Gjald fyrir nýja féлага, stofnfélaga og endurkomufélaga.** Sérhver klúbbur skal greiða Zonta International visst gjald fyrir sérhvern nýjan féлага, stofnfélaga og endurkomufélaga. Þetta gildir ekki þegar núverandi félagi flyst í annan klúbb.
- 4. Stofngjald og endurnýjunargjald Z klúbba og gylltra Z klúbba.** Sá Zontaklúbbur sem stofnað hefur Z klúbb og gylltan Z klúbb skal greiða stofngjöld þeirra í bandaríkjadöllum og greiða í bandaríkjadöllum árleg endurnýjunargjöld til að skrá þá Z klúbba og gyllta Z klúbba sem þegar eru starfandi og sem Zontaklúbburinn hefur stofnað. Endurnýjunargjöldin eru notuð til að stjórna Z klúbbaverkefni Zonta International.
- 5. Frestun eða breyting gjalda.** Aðeins stjórn ZI skal hafa völd til að gefa eftir félagsgjöld tímabundið.
- 6. Vanskil félagsgjalda.** Fyrirmæli um hvað gera skal vegna vanskila félagsgjalda er að finna í verklagsreglum ZI (Rules of Procedure).
- 7. Viðlagaskattur (Emergency Assessment).** Í neyðartilfellum getur stjórn ZI eða heimsþing krafist skatts í US-döllum, fyrir hvern féлага, árlega allt að 10% af gildandi árgjöldum.
 - a) Samþykki skatts.* Skattinn má samþykkja með:
 - (1) atkvæðagreiðslu á heimsþingi,
 - (2) póstatkvæðagreiðslu, enda hafi meirihluti klúbba skilað atkvæðum innan sextú (60) daga frá póstlagningu atkvæðaseðla. Sérhver klúbbur í ZI skal eiga rétt á einu atkvæði. Ef klúbbfélagar, miðað við síðustu árgjaldagreiðslu, eru fleiri en þrjátíu(30), skal klúbburinn eiga rétt á öðru atkvæði. Séu félagar fleiri en sextú (60) skal klúbburinn eiga rétt á þriðja atkvæði.
 - (3) í hverju tilviki fyrir sig þarf meirihluti atkvæða atkvæðisbærra aðila á heimsþingi eða í póstatkvæðagreiðslu að samþykkja skattinn.

6. grein Stjórn og meðstjórnendur (Officers and Directors)

1. **Aðalstjórn.** Í stjórn ZI skulu vera forseti (president), verðandi forseti (president elect), varaforseti (vice president) og gjaldkeri/ritari (treasurer/secretary).
 - a) *Hæfisskilyrði.* Sérhver stjórnarmaður í stjórn ZI skal vera virkur félagi í Zontaklúbbsi, hafa verið meðstjórnandi í stjórn ZI eða hafa verið a.m.k. eitt ár í umdæmisstjórn sem umdæmisstjóri, varaumdæmisstjóri, gjaldkeri umdæmis eða svæðisstjóri. Stjórnarmaður skal ekki gegna annarri stöðu sem kosið er til í ZI.
 - b) *Kosningar, kjörtímabil.* Eftir skriflega kosningu á heimsþingi skal stjórn ZI taka til starfa í lok þess þings. Kjörtímabil skal vera tvö (2) ár eða þar til eftirmaður tekur við. Stjórnarmaður má ekki sitja nema eitt (1) kjörtímabil í röð í sömu stöðu nema gjaldkeri/ritari sem mega sitja tvö (2) kjörtímabil. Stjórnarmaður sem hefur setið meira en hálf kjörtímabil skal talinn hafa setið eitt kjörtímabil í þeirri stöðu.
 - c) *Laus sæti.*
 - 1) Ef sæti forseta ZI losnar skal varaforseti taka við starfinu uns kjörtímabili lýkur.
 - 2) Ef sæti verðandi forseta losnar skal það vera laust og sæti forseta fyllt með kosningu á næsta heimsþingi.
 - 3) Ef sæti varaforseta eða gjaldkera/ritara losnar, skal stjórn ZI ákveða hver tekur við því.
 - d) *Skyldur.*
 - 1) Forseti. Forseti skal vera yfirmaður og framkvæmdastjóri stjórnar og hafa eftirlit með velferð og hagsmunum ZI, umdæmum og klúbbum. Forsetinn skal:
 - a. stjórna fundum ZI, stjórnarfundum (International Board) og fundum framkvæmdanefndarinnar (Executive Committee),
 - b. skipa í nefndir sem félagslög eða stjórn ZI heimilar,
 - c. Vera nefndarmaður í laga og ályktunarnefnd (I. Bylaws /Resolution Comm.) og fjárhagsnefnd (Finance Comm.) og “ex officio” nefndarmaður í öllum öðrum nefndum nema kjörnefndinni (International Nominating Committee) og laga og ályktananevnd, þegar sú nefnd rannsakar kvörtun á hendur einhverjum úr stjórn ZI
 - 2) Varaforseti. Í fjarveru eða forföllum forseta skal varaforseti gegna skyldum forseta.
 - 3) Verðandi forseti. Verðandi forseti skal sitja í tvö (2) ár og í lok heimsþings sem haldið er tveimur árum eftir kjör hans skal hann taka sjálfkrafa við sæti forseta.

Verðandi forseti sinnir þeim skyldum sem forseti óskar eftir og skal hafa umboð til að:

- undirbúa næsta kjörtímabil, m.a. með því að tilnefna og halda fundi með verðandi formönnum fastanefnda til að þróa markmið alþjóðaverkefna, sem kynna á á heimspingi

velja "professional parliamentarian" fyrir næsta tímabil

Verðandi forseti skal vera nefndarmaður í laga- og ályktananevnd (International Bylaws/Resolutions Committee), fjárhagsnefnd ZI (Finance Committee og ex officio nefndarmaður í öllum öðrum nefndum nema kjörnefnd og fyrrnefndri laganevnd þegar sú nefnd rannsakar kvörtun á hendur einhverjum í stjórn ZI.

- 4) Gjaldkeri/ritari skal fara með fjárhag ZI og vera nefndarmaður í fjárhagsnefndinni (International Finance Comm.). Gjaldkeri/ritari skal hafa umboð til að staðfesta ályktanir og önnur skjöl félagsins og skal gefa skýrslur og sinna öðrum skyldum eins og stjórn ZI gerir ráð fyrir.

2. Meðstjórnendur (Directors). Meðstjórnendur skulu vera sjö (7).

- a) *Hæfisskilyrði.* Sérhver meðstjórnandi skal vera virkur félagi í Zontaklúbbi, virkur í starfsgrein og hafa verið a.m.k. eitt ár umdæmisstjóri, varaumdæmisstjóri, umdæmisgjaldkeri eða svæðisstjóri (Area Director). Meðstjórnandi skal ekki gegna annarri stöðu, sem kosið er til í ZI.

- b) *Kosning, kjörtímabil.*

1. Á heimspingi skal kjósa úr tilnefndum fjölda, sjö (7) meðstjórnendur ZI og mega atkvæðisbærir ekki kjósa fleiri en sjö (7) í skriflegri kosningu.
2. Hinir kjörnu meðstjórnendur taka við störfum að loknu viðkomandi þingi. Kjörtímabil skal vera tvö (2) ár, eða uns eftirmaður tekur við. Enginn sem áður hefur verið meðstjórnandi heilt kjörtímabil getur gegnt þeirri stöðu að nýju. Meðstjórnandi sem setið hefur í embætti meira en hálf kjörtímabil skal talinn hafa lokið kjörtímabilinu.

- c) *Laus sæti.* Laust sæti meðstjórnenda skal fyllt úr hópi þeirra sem tilnefndir voru en ekki kosnir á síðasta heimspingi eftir atkvæðamagni.

7. grein Stjórn Zonta International

1. **Skipulag.** Stjórnarmenn og sjö (7) meðstjórnendur mynda stjórn ZI . Stjórnarmenn ZI skulu vera hin eiginlega stjórn.

2. **Skyldur og völd.** Alþjóðastjórnin skal:

- a) hafa yfirumsjón með velferð og hagsmunum ZI, umdæmum og klúbbum,
- b) stjórna málefnum ZI og hafa umsjón með sjóðum þess í samræmi við stefnumörkun sem mótuð er á heimsþingum og fyrir er mælt um í félagslögum (Bylaws) og starfsreglum (Rules of Procedure). Engar ákvarðanir stjórnar ZI skulu brjóta í bága við eða breyta ákvörðunum heimsþings,
- c) ráða framkvæmdastjóra til að stýra málefnum ZI innan þess ramma sem stjórnin setur,
- d) bera ábyrgð á markvissri langtímaáætlanagerð Zontasamtakanna,
- e) samþykkja fjárhagsáætlun kjörtímabilsins og endurskoðun reikninga. Hún skal tryggja að eintak af samþykktri fjárhagsáætlun sé sent til stjórnarmanna í umdæmisstjórnnum og formanna klúbba,
- f) tryggja að starfshandbækur (Operation Manuals) endurspegli/innihaldi markmið og starf eins og það er samþykkt af stjórn ZI og heimsþingi,
- g) tryggja að gjaldkeri /ritari, framkvæmdastjóri og aðrir sem treyst er fyrir meðferð sjóða og eigna ZI hafi nægilegar tryggingar (are sufficiently bonded) (merking óviss!),
- h) gegna öðrum skyldum samkvæmt þessum félagslögum og starfsreglum ZI. Handbók stjórnarinnar, The Zonta International Manual, skal vera leiðbeinandi fyrir starfsemi stjórnarinnar.

3. Umboð. Samningar og samþykktir sem gerðar eru fyrir hönd ZI skulu eingöngu gerðir af þeim sem hafa til þess umboð stjórnar ZI.

4. Völd í viðlögum. Ef meiririháttar neyð (extreme emergency) kemur í veg fyrir að heimsþing sé haldið, skal stjórn ZI hafa umboð til að annast nauðsynleg störf hjá ZI og senda .atkvæðisbærum félögum, til póstafréttislausu, öll atriði sem þarfnast aðgerða, í samræmi við 10. grein 1. atriði.

5. Fundir. Stjórn ZI skal halda minnst fimm (5) fundi og ekki fleiri en sjö (7) fundi á hverju kjörtímabili og skal hinn fyrsti haldinn strax að loknu heimsþingi og hinn síðasti rétt fyrir heimsþing. Forseti getur kallað til aukafunda að eigin frumkvæði, eða ef fimm (5) stjórnarmenn krefjast þess. Boðun heimsþings og rafrænir fundir þar sem allir aðilar heyrast samtímis geta verið gildir fundir ef allir í stjórninni eru boðaðir og geta tekið þátt í fundum með þeim hætti.

6. Fundarboð Halda má venjulega stjórnar fundi án fyrirvara. Sérstakir fundir skulu boðaðir sérhverjum í stjórn, gefinn tími og staður, á einhvern eftirfarandi hátt

- skriflega og persónulega ;
- í ábyrgðarpósti ;
- með beinu símtali ;
- með faxi, eða
- með tölvupósti.

Öll slík boð skulu afhent eða send á heimilisfang, símanúmer, faxnúmer eða netfang sem sjá má í skráum ZI eða sem stjórnarmaður hefur gefið upp til ZI til að senda honum boð. Fundarboð í ábyrgðar pósti um sérstaka fundi skal setja í póst a.m.k. fjórtán (14) dögum fyrir fundardag. Persónulegum boðum símaboðum , boðum með faxi eða tölvupósti skal komið til skila a.m.k. 48 tímum fyrir fundartímann.

7. Waiver of Notice. The attendance of any Board member at any meeting shall constitute a waiver of notice of the meeting, except where a Board member attends a meeting for the express purpose of objecting to the transaction of any business because the meeting is not lawfully called or convened and where the objection is made prior to the commencement of the meeting. In addition, whenever any notice is required to be given under the provisions of these bylaws, a waiver thereof in writing signed by the person or persons entitled to such notice, whether before or after the time stated therein, shall be deemed equivalent to the giving of such notice.

Ef nauðsynlegt reynist að þýða þessa nýju grein þá geri viðkomandi það.

8. Lögmati fundar. Fundarfært er í stjórn ZI ef meirihluti stjórnarmanna kemur á fund.

9. Atkvæðagreiðsla. Mál sem stjórn ZI leggur fram til afgreiðslu telst samþykkt ef meirihluti allra í stjórn greiðir því atkvæði.

10. Póst/fjarskiptaatkvæðagreiðsla. Stjórnin getur afgreitt mál sín bréflega eða með aðstoð annarrar fjarskiptatækni, ef allir sem þar sitja samþykkja það einróma.

11. Brottrekstur. Að gefnu tilefni má stjórn ZI reka stjórnarmann eða meðstjórnanda úr stjórninni. Ástæður brottvikningarinnar geta verið t.d. óafsakanleg fjarvera frá fundum, vanræksla á skyldum sem fylgja stöðunni í stjórninni eða framkoma sem skaðar nafn eða starfsemi Zonta. Skriflega kvörtun á hendur viðkomandi fyrir slíkt athæfi má senda til stjórnar ZI sem skal leggja hana fyrir laga – og ályktananevnd ZI til rannsóknar. Í kvörtuninni skal tilgreina ásökun og tiltækan vitnisburð. Nefndin skal gefa viðkomandi tækifæri til skriflegra andsvara og getur yfirheyrt hann, kæranda og hugsanleg vitni. Að þessu loknu sendir nefndin niðurstöðu til stjórnar ZI. Þegar brottrekstur er til umræðu skal viðkomandi stjórnarmanni heimilt að vera viðstaddur en má hvorki taka þátt í umræðum né greiða atkvæði. Það þarf tvo þriðju(2/3) atkvæða í skriflegri atkvæðagreiðslu allra annarra í stjórn ZI til að ákveða brottrekstur.

8. grein

Framkvæmdanefnd (Executive Committee)

1. Samsetning. Stjórn ZI skipar framkvæmdanefndina.

2. Skyldur og völd. Framkvæmdanefndin skal annast málefni stjórnar ZI milli funda hennar, en störf hennar mega hvorki vera í andstöðu við né breyta fjárhagsáætlun. Á næsta fundi stjórnar skal ætíð gefa skýrslu um afgreiðslu mála í framkvæmdanefndinni.

3. **Fundir.** Forseti ZI getur kallað til aukafunda framkvæmdanefndar að eigin frumkvæði eða að beiðni tveggja (2) nefndarmanna.
- 4 **Lögmæti fundar.** Fundarfært er í framkvæmdanefndinni ef meirihluti nefndarmanna kemur á fund.
5. **Atkvæðagreiðsla.** Mál sem lögð eru fram í framkvæmdanefnd teljast samþykkt ef meirihluti hennar greiðir þeim atkvæði.

9. grein Framkvæmdastjóri

Stjórn ZI skal ráða framkvæmdastjóra til að stýra skrifstofu aðalstöðvanna, til að liðsinna forseta og stjórn við að annast málefni ZI og til að sinna öðrum skyldustörfum að beiðni stjórnarinnar. Framkvæmdastjóri skal fara eftir leiðbeiningum og fjárhagsáætlun stjórnar ZI.

10. grein Heimsþing

1. **Tilgangur.** Annað hvert ár skal ZI halda heimsþing til að:
 - bjóða uppá upplýsandi, hvetjandi og menntandi dagskrá,
 - ákvarða markmið ZI,
 - kjósa stjórn, meðstjórnendur og kjörnefnd,
 - taka við skýrslum,
 - kjósa um tillögur til lagabreytinga,
 - kjósa um árgjöld og greiðslur,
 - kjósa um ályktanir og markmið varðandi alþjóðaverkefni,
 - sinna öðrum verkefnum sem erindi eiga á heimsþing.
2. **Tími, staður og dagskrá.** Stjórn ZI ákveður stund og stað heimsþinga og dagskrá þeirra.
3. **Fundarboð.** Hið opinbera fundarboð vegna heimsþings skal gefa út og birta á vef ZI a.m.k. nítíu (90) dögum fyrir heimsþing.
4. **Atkvæðisbærir félagar á heimsþingi.** Atkvæðisbærir á heimsþingi skulu vera: stjórnarmenn í stjórn ZI, fyrrum forsetar ZI, umdæmisstjórar og fulltrúar skuldlausra klúbba.
 - a) *Klúbbar.* Sérhver klúbbur í ZI skal eiga rétt á einum fulltrúa og varamanni. Ef klúbbfélagar, miðað við árgjaldagreiðslu 1. mars, eru fleiri en þrjátíu (30) skal klúbburinn eiga rétt á öðrum fulltrúa og varamanni. Séu klúbbfélagar fleiri en sextíu (60) skal klúbburinn eiga rétt á þriðja fulltrúanum og varamanni. Einn fulltrúi getur farið með öll atkvæði klúbbs. Stjórnarmenn ZI geta ekki verið fulltrúar klúbba eða varamenn.
 - b) *Atkvæðaumboð (proxy).* Hver sá klúbbur sem ekki getur sent fulltrúa á heimsþing getur falið öðrum klúbbs umboð til atkvæðagreiðslu. Klúbbur getur falið öðrum öll

atkvæði sín með umboði. Klúbbur getur farið með öll umboðsatkvæði tveggja(2) annarra klúbba. Þó má hver klúbbur ekki greiða fleiri en 5 atkvæði.

5. Lögmæti fundar. Fundarfært er á heimsþingi þegar meirihluti atkvæðisbærra félaga og fulltrúa með atkvæðaumboð hafa skráð sig.

6. Kosningar.

- a) Kosning stjórnarmanna ZI, meðstjórnenda og kjörnefndar ZI skal fara fram eigi síðar en á næstsíðasta degi heimsþings. Kosning skal vera skrifleg.
- b) Meirihluta atkvæða þarf til að ná kosningu sem stjórnarmaður. Ef enginn frambjóðenda fær meirihluta skal kosningu í stöðuna haldið áfram. Í síðari umferð skriflegrar atkvæðisgreiðslu eru eingöngu í kjöri þeir tveir frambjóðendur sem flest atkvæði hlutu í fyrri umferð.
- c) Þeir sem hljóta flest atkv. eru rétt kosnir meðstjórnendur og kjörnefndarmenn.

11. grein

Kjörnefnd (International Nominating Committee)

1. Samsetning. Þeir níu (9) frambjóðendur í kjörnefnd sem hljóta flest atkv. allra atkvæðisbærra félaga skulu mynda kjörnefnd á eftirfarandi hátt:

- einn (1) nefndarmaður frá klúbbum í Norður- Mið- og Suður- Ameríku
- einn (1) nefndarmaður frá klúbbum í Evrópu
- einn (1) nefndarmaður frá klúbbum í Afríku
- einn (1) nefndarmaður frá klúbbum í Ástralíu og Nýja Sjálandi
- einn (1) nefndarmaður frá klúbbum í Asíu og
- fjórir (4) nefndarmenn úr hópi félaga almennt.

Atkvæðisbærir félagar kjósa alla níu (9) nefndarmenn.

Félagar í nefndinni skulu kjósa formann og varaformann nefndarinnar með meirihluta atkvæða.

2. Hæfisskilyrði. Kjörnefndarmaður skal vera fyrrum forseti ZI eða virkur félagi í Zontaklúbbi og hafa átt sæti í stjórn ZI, fyrrum umdæmisstjóri eða fyrrum formaður nefndar á vegum stjórnar ZI. Ekki má tilnefna kjörnefndarmenn til neinna annarra embætta ZI á kjörtímabilinu.

- 3. Kjörtímabil.** Kjörtímabil kjörnefndar skal vera tvö (2) ár og hefjast í lok heimsþings sem hún er kosin á og ljúka á því þingi sem viðtakandi kjörnefnd er kosin.
- 4. Laus sæti.** Ef kjörnefndarmaður getur ekki sótt þann fund sem velja á frambjóðendur skal sætið talið laust. Sætið skal fylla með frambjóðanda frá sama landssvæði eða í samræmi við atkvæðafjölda almennt í kjörnefndarkosningunni.
- 5. Skyldur.** Kjörnefnd ZI skal:
- a) birta framboðslista og hæfni frambjóðenda a.m.k. níutíu (90) dögum fyrir heimsþing. Um er að ræða, ef mögulegt er, að tilnefna
- 1) tvo (2) eða fleiri frambjóðendur fyrir hverja stjórnarstöðu,
 - 2) a.m.k. fjórtán (14) frambjóðendur í stöður sjö (7) meðstjórnenda.
 - 3) í kjörnefnd a.m.k.
 - tvo (2) frambjóðendur frá klúbbum í Norður- Mið- og Suður- Ameríku
 - tvo (2) frambjóðendur frá klúbbum í Evrópu
 - tvo (2) frambjóðendur frá klúbbum í Afríku
 - tvo (2) frambjóðendur frá klúbbum í Ástralíu og Nýja Sjálandi
 - tvo (2) frambjóðendur frá klúbbum í Asíu og
 - átta (8) frambjóðendur úr hópi félaga almennt.
- b) að gefa skýrslu á heimsþingi. Á þinginu má bera fram viðbótartilnefningar úr sal enda uppfylli hinn tilnefndi skilyrði og samþykki að taka kjöri.
- 6. Brottrekstur.** Stjórn ZI er heimilt að reka nefndarmenn kjörnefndar sem brugðist hafa starfsskyldu sinni eða sýnt framkomu sem skaðar nafn eða starfsemi Zonta. Við það skal beita sömu reglum og skráðar eru í 7.gr. 11. lið.

12. grein Nefndir

- 1. Nefndir.** Fastanefndir skulu starfa í samræmi við þessi félagslög ZI og sérnefndir eins og heimsþing eða stjórn ZI ákveður. Stjórn ZI skal samræma verkefni allra nefnda nema kjörnefndar. Nefndunum er heimilt að nota rafræn samskipti í störfum sínum.
- 2. Formenn nefnda og nefndarmenn.** Formenn og nefndarmenn fastanefnda skulu tilnefndir fyrir næsta kjörtímabil af viðtakandi forseta ZI að fengnu samþykki stjórnar. Í hverri nefnd skulu vera a.m.k. þrjár (3) nefndarmenn.

3. Laga- og ályktananevnd (Bylaws/Resolution Comm.)

- a) Nefndin skal taka til athugunar allar lagabreytingatillögur sem fram koma í samræmi við þessi félagslög og skila skýrslu sinni til stjórnar ZI og heimsþings.
- b) Nefndin skal fara yfir, fella saman ef þörf krefur og mæla með ályktunum sem fram koma, í samræmi við þessi félagslög.
- c) Nefndin getur samið og sent heimsþinginu ályktanir sem hafa að markmiði að vinna að framgangi markmiða ZI.
- d) Nefndin skal rannsaka agamál varðandi brottrekstur um stundarsakir eða að fullu og gera tillögur til stjórnar ZI.

4. Heimsþinganevnd (Convention Comm.) Nefndin skal starfa innan ramma um kostnað og fara eftir fyrirætlunum sem stjórn ZI hefur samþykkt í handbók um efnið.

5. Fjárhagsnevnd (Finance Comm.). Í nefndinni skulu vera a.m.k. forseti ZI, verðandi forseti, gjaldkeri/ritari ZI, formaður fjárhagsnefndar ZI, og sá sem tilnefndur hefur verið formaður nefndarinnar á komandi kjörtímabili. Nefndin á að:

- a) fara yfir mánaðarlegar fjárhagsskýrslur ZI,
- b) sjá um að löggildir endurskoðendur endurskoði reikninga ZI og að senda árlega endurskoðaða reikninga, sem stjórnin hefur staðfest, til umdæmisstjórnarmanna og klúbbformanna. Reikningum skal lokað 31. maí vegna endurskoðunar,
- c) undirbúa, og leggja fyrir stjórn ZI, fjárhagsáætlun næsta kjörtímabils, þ.á.m. tillögur um árgjöld. Þessi gögn skulu send klúbbum og umdæmum a.m.k. níutíu (90) dögum fyrir heimsþing,
- d) gefa heimsþingi skýrslu um fjárhagsstöðu ZI. Sú skýrsla skal a.m.k. innihalda óendurskoðað yfirlit reikninga í mánaðarlok ekki meira en tveimur mánuðum fyrir heimsþing og yfirlit yfir færslur og breytingar á eignum, til að fram komi niðurstöður endurskoðaðra reikninga fyrra árs tímabilsins og hinna óendurskoðuðu reikninga hins síðara árs í lok fyrrnefnds mánaðar.

6. Valnefnd (Membership Comm.) Nefndin á að stuðla að sífelldri fjölgun félaga og hvetja til og aðstoða við stofnun nýrra klúbba. Annað hvert ár skal nefndin endurskoða starfsgreinar og gera tillögur til stjórnar ZI.

7. Tengsla- og samskiptanevnd (Public Rel. and Communication Comm.) skal kynna markmið ZI, og þróa víðtæka áætlun til að gera Zontasamtökin meira áberandi, meðal almennings og klúbbfélaga.

8. Verkefnanevnd (Service Comm.)

Nefndin skal vinna að alþjóðlegum þjónustuverkefnum á vegum ZI og sem fjármögnuð eru af Zonta International sjóðnum, auk þess skal hún hvetja til og styðja verkefni í heimabyggð.

- 9. Jafnréttisnefnd (Advocacy Comm.)** skal mæla með aðgerðum í samræmi við markmið ZI til að bæta stöðu kvenna og hvetja til þess að jafnréttislögum sé framfylgt og jafnrétti sé virt í hvívetna.
- 10. Sameinuðu þjóða nefnd (United Nations Comm.)** skal sjá um markvissar upplýsingar um SP og styrkja samskipti SP og stofnana þeirra við ZI. Í nefndinni skulu vera a.m.k. fastafulltrúar Zonta hjá hinum ýmsu stofnunum SP.
- 11. Amelia Earhart námsstyrkjanefnd (AE Fellowship Comm.)**. Nefndin á að velja námsstyrkjaþega og mæla með þeim við stjórn ZI sem árlega úthlutar Amalíu Earhart námsstyrkjum.
- 12. J M Klausman námsstyrkjanefnd (JMK Scholarship Comm.)**. Nefndin á að velja styrkþega úr umsóknum sem námsstyrkjanefnd umdæmis hefur valið úr tillögum frá klúbbum og/eða svæðum og mæla með þeim við stjórn ZI, sem árlega úthlutar námsstyrkjum úr sjóði JMK.
- 13. Nefnd um samfélagsverðlaun til ungra kvenna. (Young Women in Public Affairs Award Comm.)** Nefndin á að velja úr tillögum um verðlaunaþega sem styrkjanefnd umdæmisins hefur valið og mæla með þeim við stjórn ZI, sem árlega úthlutar verðlaunum/styrkjum til YWPA.

13 grein **Umdæmi (Districts)**

- 1. Skilgreining og tilgangur.** Tiltekinn fjöldi Zontaklúbba á sama landssvæði/svæðum myndar umdæmi eins og stjórn ZI ákveður. Auk þess getur stjórn ZI skipað e-klúbba í hvaða umdæmi sem er, óháð landamörkum. Tilgangur umdæma er:
 - a) að vera stjórnareining ZI til að ná fram markmiðum ZI eins og þau eru fram sett í þessum félagslögum,
 - b) að vinna að verkefnum ZI innan umdæmisins,
 - c) að hvetja klúbba og aðstoða þá við að ná markmiðum og vinna að verkefnum ZI,
 - d) að tengja klúbba umdæmisins við stjórn og nefndir ZI.
- 2. Myndun.** Stjórn ZI skal hafa heimild til að stofna umdæmi og afmarka þau. Tillaga um breytingu á mörkum umdæmis skal háð því að
 - a) gefinn sé níutíu (90) daga fyrirvari,

- b) meirihluti klúbba í umdæminu taki þátt í atkvæðagreiðslu um breytinguna,
- c) samþykki meirihluta atkvæðisbærra fulltrúa frá klúbbum umdæmisins sé fyrir hendi. Hver klúbbur hefur eitt(1) atkvæði, nema félagar séu þrjátíu(30)eða fleiri við síðasta gjalddaga árgjalda, þá tvö (2) atkvæði og þrjú (3) atkvæði fyrir sextíu(60) og fleiri félag. Umdæmi skulu nefnd með númerum.
- 3. Félagar.** Allir klúbbar innan marka umdæmis og sérhver skipaður e-klúbbur skulu tilheyra því umdæmi.
- 4. Svæði (Areas).** Með samþykki meirihluta klúbba í hverju umdæmi skal umdæmisstjórn skipta umdæminu í svæði og ákveða mörk þeirra, til þess að auðvelda stjórn umdæmisins.
- 5. Gjöld.**
- a) *Umdæmisgjöld.* Umdæmisgjöld skulu ákveðin með tveimur þriðju (2/3) hluta atkvæða viðstaddra og atkvæðisbærra fulltrúa á umdæmisþingi
- b) *Svæðisgjöld.* Umdæmisþing getur leyft svæðum innan umdæmisins að innheimta félagsgjöld. Svæðisgjöld skulu ákveðin með tveim þriðju (2/3) atkvæða fulltrúa á svæðisþingi(landsfundi) eftir sömu reglum og í 13. grein, lið 11 a) 4 a).
- 6. Stjórn.** Í stjórn umdæma skulu vera: umdæmisstjóri, varaumdæmisstjóri, svæðisstjórar (Area Directors), gjaldkeri og ritari.
- a) *Hæfisskilyrði.* Sérhver kosinn stjórnarmaður skal vera virkur félagi í klúbbi hafa verið a.m.k tvö (2) ár í kosinni stjórn Zontaklúbbs og/eða verið formaður nefndar í umdæmi. Umdæmisstjóri, varaumdæmisstj. og svæðisstjórar skulu hafa verið klúbbformenn a.m.k. eitt (1) ár. Kosinn stjórnarmaður má ekki gegna neinni annarri stöðu sem kosið er til í umdæminu.
- b) *Kosning.* Stjórnarmenn, að ritara frátöldum, skulu kosnir á umdæmisþingi sem haldið er næst fyrir heimsping. Atkvæðisbærir félagar, viðstaddir og sem kjósa, kjósa með leynilegri atkvæðagreiðslu. Svæðisstjórar og eða varasvæðisstjórar skulu kosnir af fulltrúum klúbba í viðkomandi svæði, annað hvort á umdæmisþingi eða, að vilja umdæmisins, á svæðisþingi næst fyrir umdæmisþing. Kosningar á svæðisþingum skulu fara eftir reglum í 13. grein, lið 11 a) 4 a).
- c) *Kjörtímabil.* Stjórn umdæmis og svæðisstjórar skulu taka við störfum sínum í lok heimspings. Stjórnarmenn skulu gegna starfi eitt tveggja ára kjörtímabil, eða uns eftirmenn þeirra taka við og mega aðeins sitja eitt tímabil í sama sæti, nema gjaldkeri sem má sitja 2 samfelld tímabil. Stjórnarmaður sem hefur gegnt starfi í meira en hálf kjörtímabil telst hafa lokið kjörtímabili í því starfi.
- d) *Tilnefningar, kjörtímabil.* Umdæmisstjóri skal tilnefna ritara sem er stjórnarmaður í umdæmisstjórn án atkvæðisréttar. Kjörtímabil ritara skal vera hið sama og umdæmisstjóra sem tilnefnir hann.
- 7. Skyldur stjórnarmanna.**
- a) *Umdæmisstjóri.* Umdæmisstjóri skal stjórna umdæminu. Forseti ZI, höfuðstöðvar og varaumdæmisstjóri skulu fá upplýsingar um málefni umdæmisins.

Umdæmisstjóri skal vinna með umdæmisstjórn og gestgjafaklúbba að undirbúningi umdæmisþinga og kalla til umdæmisþings a.m.k.sextíu (60) dögum fyrir það og stjórna þinginu. Umdæmisstjóri, eða sá sem umdæmisstjóri tilnefnir, skal sækja svæðisfund. Umdæmisstjóri skal hafa umsjón með undirbúningi fjárhagsáætlunar umdæmisins og heimila útgjöld í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun. Umdæmisstjóri skal skipa laga- og ályktananevnd (Bylaws and Resolution Comm.), valnefnd (Membership Comm.), verkefnanevnd (Service Comm.), jafnréttisnevnd (Advocacy Comm.) og manna þær hverja sínum formanni og öðrum sem hann telur henta. Umdæmisstjóri getur skipað aðra sem til þurfa til að framkvæma verkefni ZI.

- b) *Varaumdæmisstjóri.* Varaumdæmisstjóri skal gegna þeim skyldum sem umdæmisstjóri felur honum og í fjarveru eða forföllum sinnir hann skyldum umdæmisstjórans. Varaumdæmisstjóri skal vera formaður valnefndar umdæmisins
- c) *Svæðisstjórar.* Svæðisstjóri skal sækja umdæmisþing, skipuleggja svæðisfund, heimsækja klúbba og vera tengill milli klúbba og umdæmisstjórnar.
- d) *Gjaldkeri.* Gjaldkeri ber ábyrgð á sjóðum umdæmisins og fer með þá í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun umdæmisins. Gjaldkeri skal gefa umdæmisstjórn og umdæmisþingum skýrslur. Gjaldkeri skal undirbúa fjárhagsáætlun umdæmisins til tveggja ára undir eftirliti umdæmisstjóra. Umdæmisstjórn fer yfir fjárhagsáætlunina, sem síðan er lögð fyrir umdæmisþing til samþykktar. Eigi síðar en fjörutíu og fimm (45) dögum eftir að kjörtímabili lýkur skal gjaldkeri afhenda eftirmanni öll gögn. Bækur gjaldkera skulu ávallt vera tilbúnar til skoðunar af hálfu umdæmisstjórnar og þess endurskoðanda sem umdæmisstjórn tilnefnir.
- e) *Ritari.* Ritari skal annast skrár umdæmisins. Innan sextíu (60) daga frá umdæmisþingi skal ritari senda skýrslu umdæmisins, undirritaða af umdæmisstjóra og sjálfum sér, til klúbba umdæmisins og aðalstöðva ZI. Ef umdæmisþing samþykkir tillögu um breytingu á félagslögum ZI, skal ritari senda slíka tillögu til laga- og ályktunarnefndar hjá aðalstöðvum Zonta innan þrjátíu (30) daga frá umdæmisþingi.

8. Varasvæðisstjóri. Ef umdæmisstjórn óskar, má tilnefna eða kjósa varasvæðisstjóra til að aðstoða svæðisstjóra við skyldustörf sín og vera staðgengill hans í fjarveru eða forföllum og hafa þá atkvæðisrétt á umdæmisstjórnarfundi eða á umdæmisþingi. Umdæmisstjórn ákveður viðbótarréttindi og skyldur varasvæðisstjóra.

9. Laus sæti.

- a) *Umdæmisstjóri.* Ef staða umdæmisstjóra losnar tekur varaumdæmisstjóri við.
- b) *Varaumdæmisstjóri.* Losni staða varaumdæmisstjóra getur starfið verið laust þar til í það er kosið á næsta umdæmisþingi eða kosið er í stöðuna með póstkosningu og fái framþjóðandinn meirihluta atkvæða klúbba í umdæminu, eða umdæmisstjórn tilnefnir í stöðuna.
- c) *Svæðisstjóri.* Losni staða svæðisstjóra skal umdæmisstjórnin fylla stöðuna með öðrum frá sama svæði. Ef svæðið hefur varasvæðisstjóra skal hann fylla stöðuna.
- d) *Gjaldkeri.* Losni staða gjaldkera skal umdæmisstjórnin tilnefna í stöðuna.

e) *Ritari.* Losni staða ritara skal umdæmisstjóri tilnefna í stöðuna.

10. Umdæmisstjórn.

a) *Samsetning.* Kosnir stjórnarmenn umdæmis og tilnefndur ritari mynda umdæmisstjórn.

b) *Skyldur.* Umdæmisstjórn hefur almennt eftirlit með klúbbum og stjórn umdæmisins undir yfirumsjón stjórnar og meðstjórnenda ZI. Hún skal taka ákvarðanir um málefni sem sinna þarf milli umdæmisþinga, enda brjóti engar ákvarðanir í bága við ákvarðanir umdæmisþings. Hún skal sinna þeim skyldum sem félagslög ZI kveða á um. Umdæmishandbók (Zonta District Manual) skal vera leiðbeinandi um störf umdæmisins.

c) *Lögmæti funda.* Fundarfært er í umdæmisstjórninni ef meirihluti stjórnarmanna er á fundi.

d) *Atkvæðagreiðsla.* Mál til afgreiðslu teljast samþykkt ef meirihluti stjórnar greiðir þeim atkvæði.

e) *Brottrekstur.*

1) Að gefnu tilefni má stjórn umdæmisins reka kosna stjórnarmenn úr stjórninni af sömu ástæðum og valdið geta brottrekstri úr stjórn ZI (7.gr 9.liður). Senda má skriflega kvörtun til umdæmisstjórnar sem skal leggja hana fyrir laga – og ályktananefnd umdæmisins til rannsóknar á sama hátt og fyrir er mælt í 7. grein 11. lið.

Nefndin skal mæla með aðgerðum við umdæmisstjórnina. Þegar aðgerðir eru til umræðu skal viðkomandi stjórnarmanni heimilt að vera viðstaddur, en má hvorki taka þátt í umræðum né greiða atkvæði. Til að ákveða brottrekstur þarf tvo þriðju (2/3) atkvæða í skriflegri atkvæðagreiðslu allra annarra kosinna í umdæmisstjórn.

Niðurstaða skal birt kæranda og viðkomandi stjórnarmanni í ábyrgðarbréfi þegar í stað. Ef kærandinn eða sá kærði una ekki niðurstöðunni geta þeir áfrýjað til stjórnar ZI innan 45 daga frá þeim degi sem málsaðilum var send hún í pósti. Það þarf tvo þriðju (2/3) atkvæða í skriflegri atkvæðagreiðslu allra í stjórn ZI til að ákveða brottrekstur og ákvörðunin skal vera endanleg.

Ef umdæmisstjórnin sinnir ekki kvörtun hefur stjórn ZI rétt til að eiga frumkvæði og beita eigin agaviðurlögum.

2) Umdæmisstjóri má reka ritara stjórnarinnar ef hann telur að slíkt sé umdæminu í hag.

11. Fundir.

a) *Umdæmisþing.* Sérhvert umdæmi skal halda a.m.k. eitt umdæmisþing á tveggja ára fresti, á þeim tíma sem forseti ZI samþykkir.

1) *Tilgangur.* Umdæmisþing skal halda til að halda á lofti markmiðum og verkefnum ZI og til að annast málefni umdæmisins.

- 2) *Umboð*. Umdæmisþing skal geta tekið ákvarðanir um tillögur og ályktanir og sent þær áfram til ZI.
- 3) *Fundarboð*. Tilkynning um fyrirhugaðar breytingar sem áhrif hafa á umdæmið eða ZI skal senda formanni í hverjum klúbbi í umdæminu innan sextíu (60) daga fyrir umdæmisþing. Ekkert það sem umdæmisþingið gerir má brjóta í bága við félagslög þessi eða ákvarðanir ZI.
- 4) *Atkvæðisbærir félagar*. Atkvæðisbærir á umdæmisþingi skulu vera umdæmisstjóri, varaumdæmisst. svæðisstjórar, gjaldkeri og fulltrúar sérhvers klúbbs sem er skuldlaus við umdæmið á gjalddaga umdæmisgjalda.

a) Hver klúbbur má senda einn (1) fulltrúa og einn(1) varamann. Ef fleiri en þrjátíu(30) félagar eru í klúbbum á gjalddaga umdæmisgjalda (sjá 13. grein, 5. lið) á klúbburinn rétt á einum fulltrúa og varamanni í viðbót. Ef sextíu (60) eða fleiri í klúbbi gefur það rétt á þriðja fulltrúa og varamanni. Fulltrúar og varamenn skulu kosnir af þeim klúbbi sem þeir eru fulltrúar fyrir. Einn fulltrúi má bera fleiri en eitt atkvæði af þeim sem klúbburinn á rétt á. Stjórnarmenn umdæmis geta ekki verið fulltrúar klúbbs eða varafulltrúar.

b) *Atkvæðisumboð (proxy)*. Klúbbur má senda atkvæðisumboð á umdæmisþing, eins mörg og hann hefur rétt á. Enginn klúbbur má senda umboð á fleiri en tvö (2) umdæmisþing í röð. Klúbbur (fulltrúi) má ekki bera umboðsatkvæði fleiri en tveggja annarra klúbba.

- 5) *Lögmæti fundar*. Fundarfært er á umdæmisþingi þegar meirihluti fulltrúa og handhafa umboða hafa skráð sig.

b) *Svæðisfundir (landsfundir)*. Sérhvert svæði/land skal a.m.k. árlega halda svæðisfund eða vinnufund til að halda á lofti markmiðum og verkefnum ZI.

12. Reikningsyfirlit Í lok stjórnartímabils, og á hverjum öðrum tíma sem talinn er henta umdæminu best, skal umdæmisstjórn láta löggildan endurskoðanda eða annan kunnáttumann skoða reikninga umdæmisins eða fela skoðunina hæfum aðila óháðum stjórninni. Skoðaður efnahagsreikningur skal lagður fram á umdæmisþingi ásamt skýrslu þess sem verkið vann.

13. Kjörnefnd.

- a) *Samsetning*. Á umdæmisþingi skal kjósa, auk stjórnar, kjörnefnd umdæmisins. Þeir þrír (3) frambjóðendur sem hljóta flest atkvæði skulu mynda kjörnefnd. Kjörnefndarmann má ekki tilnefna í aðrar stöður í klúbbi eða umdæmi innan ZI á tímabilinu.
- b) *Kjörtímabil*. Kjörtímabil kjörnefndar skal vera tvö (2) ár og hefjast í lok umdæmisþings.
- c) *Laus sæti*. Losni sæti í kjörnefnd eða nefndarmaður getur ekki tekið sæti og skal þá fylla stöðuna með frambjóðanda sem næstur var því að ná kosningu.

d) *Skyldur.* Skyldur kjörnefndar eru :

Umdæmi:

- 1) að tilnefna einn (1) eða fleiri hæfa frambjóðendur í hvert sæti sem kjósa þarf til á næsta umdæmisþingi,
- 2) að tilnefna a.m.k. fimm (5) frambjóðendur í næstu kjörnefnd umdæmisins.
- 3) að finna til framboðs hæfa frambjóðendur, til birtingar a.m.k. sextíu(60) dögum fyrir umdæmisþing.
- 4) gefa skýrslu á umdæmisþingi. Koma má með viðbótar uppástungur úr sal að því gefnu að viðkomandi uppfylli skilyrði.

Ekki skal gera tillögu um neinn nema sá hinn sami samþykki að taka kjöri.

Zonta International:

að vinna með kjörnefnd ZI við að finna hæfar Zontur í stjórn og meðstjórn ZI og kjörnefnd ZI.

e) *Brottrekstur.* Umdæmisstjórninni er heimilt að reka nefndarmenn kjörnefndar umdæmisins sem brugðist hafa starfsskyldu sinni eða sýnt framkomu sem skaðar nafn eða starfsemi Zonta. Við það skal beita sömu reglum og skráðar eru í 13.gr.10. lið e)1.).

- 14. Kosning.** Umdæmisstjórnarkosning skal vera skrifleg og meirihluti fulltrúaatkvæða og umboða ræður úrslitum. Ef enginn frambjóðenda fær meirihluta í hvaða stjórnarstöðu sem um er kosið, skal kjósa aftur um þá tvo (2) frambjóðendur sem flest atkvæði hlutu í fyrri umferð. Flest atkvæði ráða úrslitum í kosningu kjörnefndar.
- 15. Starfsreglur.** Sérhvert umdæmi skal taka upp starfsreglur umdæmis sem eru í samræmi við félagslög og starfsreglur ZI. Starfsreglur umdæmis eða breytingar á þeim skulu samþykktar með tveim þriðju (2/3) atkvæða allra viðstaddra, atkvæðabærra félaga á umdæmisþingi. Starfsreglur þessar eða breytingar á þeim skulu sendar formönnum allra klúbba í umdæminu a.m.k. sextíu(60) dögum fyrir umdæmisþingið. Líka má samþykkja þessar starfsreglur eða breyta þeim með póstkosningu. Til þess að sú kosning sé gild þurfa tveir þriðju (2/3 atkvæðisbærra félaga að greiða atkvæði og meira en fimmtíu prósent(50%) klúbba í umdæminu að hafa svarað innan fjörutíu og fimm (45) daga.
- 16. Þingsköp.** Allar umdæmisstjórnir skulu fara eftir viðurkenndum þingskapareglum í sínu landi, enda brjóti þær ekki í bága við þessi félagslög eða starfsreglur samþykktar af umdæminu.

14. grein Klúbbar

1. **Stofnun.** Zontaklúbbar geta þeir klúbbar einir verið sem stofnaðir eru af Zonta International.
2. **Félagar.**
 - a) *Flokkar.* Félagar í klúbbi skulu flokkast í virka féлага (Classified Members), fyrrum forseta ZI (PIP) og heiðursfélaga (HM).
 - b) *Virkir félagar.*
 - 1) Félagar skulu vera fólk með starfsreynslu í viðurkenndum viðskiptum eða starfsgreinum.
 - 2) Verðandi félagi verður að vera reiðubúinn að leggja sitt af mörkum með virkri þátttöku í að styðja og framkvæma markmið ZI.
 - 3) Allir sem vilja gerast félagar og uppfylla þau félagaskilyrði sem finna má í þessum félagslögum, skulu koma til greina.
 - 4) Valnefnd (Membership Comm.) klúbbs skal meta tillögur um nýja féлага hvort sem þeir sækja um eða er boðið, og kynna fyrir stjórninni nöfn allra sem um er að ræða ásamt meðmælum nefndarinnar. Að samþykkja nýja féлага er í höndum klúbbstjórnarinnar nema öðruvísi sé kveðið á í lögum klúbbsins.
 - 5) Allir félagar skulu vera flokkaðir eftir starfsgrein samkvæmt handbókinni ZI Marian de Forest Membership Manual. Virkur félagi hefur réttindi og ber skyldur, m.a. kjörgengur til embætta og til að vera fulltrúi klúbbs síns á fundum, nema félagslög ZI ákveði annað.
 - c) *Fyrrum forsetar ZI.* Óháð starfsgreinaskilyrðum og án inntökugjalds má klúbbur bjóða hvaða PIP sem er aðild.
 - d) *Heiðursfélagar.* Heiðursfélagar skulu vera einstaklingar sem sem hafa skarað fram úr vegna óvenjulegs framlags í þágu annarra en Zonta. Heiðursfélagi hefur öll réttindi féлага í klúbbum að öðru leyti en því að það má ekki kjósa hann til embætta, hann má ekki bera upp tillögur eða greiða atkvæði og hann getur ekki verið fulltrúi klúbbsins eða varafulltrúi. Klúbbstjórn skal ákveða skilmála fyrir aðild heiðursfélaga. Heiðursfélagi skal undanþeginn árgjaldi. Það greiðir klúbburinn, bæði til umdæmis og ZI.
 - e) *Flutningur.* Félagi sem flytur á starfsvæði annars Zontaklúbbs má gerast félagi í þeim klúbbi, enda hafi tilskilin gjöld verið greidd, samkv. 14. grein, lið 3 b) í þessum lögum.
 - f) *Lengd félagsaðildar.* Virk félagsaðild er ævilöng nema félagslög ZI og Rules of Procedure ákveði annað.

3. Félagsgjöld.

- a) *Reikningsárið.* Klúbbur getur ákveðið reikningsár sitt í samræmi við dagsetningu aðalfundar, nema klúbbur í USA sem verða að hafa reikningsár sitt frá og með 1. júní til og með 31. maí.
- b) *Árgjöld.* Árgjöld klúbbfélaga skulu ákvörðuð af klúbbnum og innihalda gjöld til ZI, umdæmisgjöld, svæðisgjöld (ef eru) og klúbbgjöld. .og skulu greidd eins og segir í klúbbblögum. Leiðbeiningar í handbók ZCM (Zonta Club Manual).

4. Stjórnarmenn og meðstjórnendur.

Í stjórn klúbbs skulu vera a.m.k. formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri. Meðstjórnendur skulu vera a.m.k. tveir.

- a) *Hæfisskilyrði.* Verðandi formaður verður að hafa setið í stjórn áður í a.m.k. eitt ár, nema um nýstofnaðan klúbb sé að ræða.
- b) *Kosning.* Á kjörfundi skulu stjórnarmenn kosnir skriflega nema einn (1) frambjóðandi sé í hvert sæti, þá kosinn munnlega (sjálfkjörinn). Meirihluti atkv. ræður kosningu. Klúbbur getur ákv. póstatkvæðagreiðslu.
- c) *Kjörtímabil.* Stjórnarmenn og meðstj. skulu taka við störfum 1. júní ár hvert. Stjórnarmaður skal sitja a.m.k. eitt ár, eða uns eftirmaður hans tekur við. Enginn stjórnarmaður eða meðstj. getur gegnt sömu stöðu meira en tvö (2) ár í röð nema gjaldkeri, sem getur þó aldrei setið lengur en fjögur (4) ár samfelld sem slíkur. Stjórnarmaður sem setið hefur meira en hálf kjörtímabil skal talinn hafa lokið kjörtímabilinu. Ef klúbbur óskar eru stjórnarmenn og meðstjórnendur kjörgengir aftur síðar til stjórnarstarfa.
- d) *Laus sæti.* Ef formannssætið losnar tekur varaformaður við. Ef aðrar stöður í stjórn losna ákveður stjórnin hver tekur við þeim.
- e) *Brottrekstur.* Félagar í klúbbi mega reka stjórnarmenn að gefnu tilefni af sömu ástæðum og um er getið varðandi brottrekstur úr stjórn ZI, sjá 7. grein, 11. lið. Stjórn klúbbsins skal bera fram skriflega kvörtun yfir slíku broti stjórnarmanns við aganefnd sem kosin er af klúbbfélögum til að rannsaka málið. Gert á sama hátt og tilgreint er í 7.gr.11. lið. Nefndin skal mæla með viðurlögum sem klúbbfélagar greiða atkvæði um á fundi. Áður skal gera öllum skriflega grein fyrir málinu. Sá sem um ræðir má vera viðstaddur umræðu um viðurlög en án atkvæðisréttar. Brottrekstur skal samþykktur með tveimur þriðju (2/3) í skriflegri atkvæðagreiðslu annarra viðstaddra félaga. Ef ekki er tekið á málinu í klúbbnum skal umdæmisstjórnin gera það. Ef hún gerir það ekki, hefur stjórn ZI rétt til að eiga frumkvæði og beita eigin agaviðurlögum.

5. Skyldur stjórnar.

Stjórnarmenn klúbbs skulu sinna þeim verkefnum sem klúbbur, félagslög og starfsreglur ZI fela þeim, og fara eftir gildandi fundarsköpum.

- a) *Formaður.* Formaður skal stjórna öllum fundum klúbbs og stjórnar og vera framkvæmdastjóri klúbbsins. Að fengnu samþykki stjórnar klúbbsins skal formaður

tilnefna formenn fastanefnda og annarra nefnda nema kjörnefndar. Formaður skal vera ex officio nefndarmaður í öllum nefndum nema kjörnefnd.

- b) *Varaformaður.* Varaformaður skal í fjarveru eða forföllum formanns sinna skyldum hans. Varaformaður getur verið formaður nefndar auk þess sem stjórnin getur falið honum önnur verkefni.
- c) *Ritari.* Ritari skal rita fundargerðir klúbbfunda og stjórnarfunda, annast bréfaskipti sem ekki eru sérstaklega falin öðrum stjórnarmönnum eða nefndum auk annarra verkefna sem stjórnin felur honum.
- d) *Gjaldkeri.* Gjaldkeri skal bera ábyrgð á sjóðum klúbbsins og verja þeim í samræmi við samþykktá fjárhagsáætlun klúbbsins. Hann skal gefa stjórn og klúbbi mánaðarlegar skýrslur og vera ex officio nefndarmaður í fjáröflunarnefnd. Eigi síðar en fjörutíu og fimm (45) dögum eftir að kjörtímabili lýkur skal gjaldkeri afhenda eftirmanni sínum öll gögn.

6. Klúbbstjórn.

- a) *Stjórnin er:* kjörnir stjórnarmenn og meðstjórnendur.
- b) *Skyldur.* Stjórnin skal hafa eftirlit með starfi klúbbsins milli klúbbfunda, enda brjóti engar gerðir hennar í bága við ákvarðanir klúbbsins. Hún leysir úr málefnum sem snerta samþykkt markmið, en má ekki samþykkja ný markmið, heimila verkefni eða framlög eða samþykkja fjárhagsáætlun. Stjórnin skal sinna skyldustörfum sem félagslög og starfsreglur ZI krefjast. Klúbbhandbókin The Zonta Club Manual skal vera leiðbeinandi um klúbbstarfið.
- c) *Fundir.* Klúbbstjórn skal halda mánaðarlega fundi nema hún ákveði annað. Fundarfært er í stjórn ef meirihluti stjórnar kemur á stjórnarfund Stjórnin getur haldið sína fundi rafrænt.

7 Fundir. Klúbbfundi skal halda eins og fyrir er mælt í klúbbblögum eftir fyrirmælum í handbók Zontaklúbba (ZCM) . E-klúbbar geta haldið sína fundi rafrænt.

Klúbbur skal ákveða, hvenær fundarfært er, en þó verði aldrei fundarfært með minna en einum fjórða (1/4) félaga á reglulegum fundi eða aukafundi. Leiðbeiningar um klúbbfundi eru í Handbók Zontaklúbba.ZCM.

8. Kjörnefnd.

- a) *Skipan.* Á kjörfundi getur klúbbur kosið a.m.k. þrjá nefndarmenn í kjörnefnd fyrir næsta ár.
- b) *Kosningar.* Ef mótframboð koma ekki fram má kosning vera opinber og nefndarmenn velja formann. Ef atkvæðagreiðsla er skrifleg skulu frambjóðendur sem fá flest atkv. mynda kjörnefnd. Sá félagi sem fær flest atkv. skal verða formaður hennar.
- c) *Laus sæti.* Stjórnin tilnefnir í laus sæti í kjörnefnd.

- d) *Skyldur.* Kjörnefnd skal bera fram tillögur um einn eða fleiri frambjóðendur í hverja stöðu í stjórn sem kjósa skal á aðalfundi og, ef klúbburinn óskar, að tilnefna a..m.k. þrjá (3) menn í kjörnefnd fyrir næsta kjörtímabil.
- e) *Skýrsla nefndar.* Kjörnefnd skal kynna frambjóðendur til stjórnar og nefndarmenn í kjörnefnd (ef kosning fer fram á sama tíma) fyrir kjörfund. Uppástungur mega koma úr sal, enda samþykki viðkomandi að taka kosningu.
- f) *Brottrekstur.* Félagar í klúbbi geta rekið kjörnefndarmenn klúbbsins, sem brugðist hafa starfsskyldu sinni eða sýnt framkomu sem skaðar nafn eða starfssemi Zonta. Við það skal beita sömu reglum og skráðar eru í 14. grein, 4. lið e).

9. Nefndir. Eftirfarandi fastanefndir skulu starfa svo og viðbótarfastanefndir og aukanefndir eins og klúbbstjórn ákveður: valnefnd, verkefnanefnd og jafnréttisnefnd. Leiðbeiningar um nefndir eru í ZCM.

10. Skoðun reikninga. Stjórn klúbbsins skal sjá til þess að reikningar félagsins séu yfirfarnir af aðilum óháðum stjórninni. Reikningum skal lokað í lok reikningsársins vegna skoðunar.

11. Tímabundinn brottrekstur eða brottrekstur.

- a) *Klúbbur.* Stjórn ZI má reka um stundarsakir eða endanlega hvern þann klúbb í ZI, sem hefur sýnt af sér þá háttsemi að hún skaði orðstír Zonta eða torveldi störf Zonta. Senda má skriflega kvörtun um slíkan klúbb til umdæmisstjórnar sem skal vísa málinu til laga- og ályktananevndar umdæmisins til rannsóknar eins og tilgreint er í 7. gr. 11. lið. Nefndin skal mæla með viðurlögum við umdæmisstjórnina sem mælir með viðurlögum til stjórnar ZI. Það þarf tvo þriðju (2/3) atkvæða allra í kosinni umdæmisstjórn til að mæla með brottrekstri um stundarsakir eða endanlega. Niðurstöðu umdæmisstjórnar skal senda kærandanum og viðkomandi klúbbi í ábyrgðarpósti. Það þarf tvo þriðju (2/3) atkvæða í skriflegri atkvæðagreiðslu allra í stjórn ZI til að ákveða brottrekstur og ákvörðunin skal vera endanleg. Ef umdæmisstjórn sinnir ekki kvörtun hefur stjórn ZI rétt til að eiga frumkvæði og beita eigin viðurlögum. Sé klúbbur rekinn skulu löglegar skuldir greiddar og eignum ráðstafað eins og segir í 4. gr. 2. lið c).
- b) *Félagar.* Félagar í klúbbi mega reka hvern þann klúbbfélag sem haft hefur í frammi háttsemi sem skaðar orstír eða torveldar störf Zonta. Bera má fram skriflega kvörtun til stjórnar klúbbsins yfir féлага fyrir slíka hegðun. Stjórnin skipar nefnd sem rannsakar tilefni kærunnar, gert á sama hátt og tilgreint er í 7. gr. 11. lið. Nefndin skal mæla með aðgerðum við stjórn klúbbsins. Ef hún ákveður að brottrekstur sé ræddur frekar skal það gert á fundi sem allir félagar klúbbsins eru boðaðir til skriflega. Umræddur félagi getur verið viðstaddur er agabrot hans er rætt en greiðir ekki atkvæði. Til að ákveða brottrekstur þarf tvo þriðju (2/3) atkvæða í skriflegri atkvæðagreiðslu annarra viðstaddra féлага í klúbbum. Niðurstaða skal send kæranda og viðkomandi féлага í ábyrgðarpósti þegar í stað. Ef annar hvor þeirra unír ekki niðurstöðunni geta þeir hvor um sig áfrýjað til


umdæmisstjórnar innan 45 daga frá því að niðurstaðan var send þeim í pósti. Tveir þriðju (2/3) allra kosinna í umdæmisstjórn verða að greiða atkvæði með brottrekstri. Niðurstaðan skal send kæranda og viðkomandi félagi í ábyrgðarpósti þegar í stað. Þeir geta hvor um sig áfrýjað ákvörðun umdæmisstjórnar til stjórnar ZI innan 45 daga frá því að niðurstaðan var send þeim í pósti. Tveir þriðju (2/3) allrar stjórnar ZI. verða að greiða atkvæði með brottrekstri. Ákvörðun hennar er endanleg. Ef hvorki klúbbur né umdæmisstjórn gerir neitt í málinu, hefur stjórn ZI allan rétt til að hafa frumkvæði og beita eigin agaviðurlögum.

12. Fundarsköp (Parliamentary Authority). Farið skal eftir viðurkenndum þingsköpum landsins, enda brjóti þau ekki í bága við félagslög ZI, starfsregur umdæmis klúbbsins , lög klúbbsins eða starfsreglur hans.

13. Lagabreytingar. Klúbblögum má breyta með atkvæðum tveggja þriðju (2/3) klúbbfélaga, viðstaddra og sem hafa kosningarétt, á reglulegum fundi eða aukafundi til að fjalla um efnið, enda hafi tilkynning um fyrirhugaða breytingu verið send hverjum klúbbfélaga a.m.k. tíu (10) dögum fyrir fund.

15. grein Alþjóðleg einkenni

- 1. Stimpill.** Stimpill ZI skal vera hringlaga með orðunum "Zonta International, Inc."
- 2. Litir.** Hinir opinberu litir ZI eru mahonýbrúnn og gylltur.
- 3. Merki.** Merki ZI skal vera ferningslaga sem hér er sýnt



- 4. Nafn og einkenni.** Umdæmi, klúbbar og félagar í ZI mega nota nafn og einkenni Zonta í samræmi við reglur sem alþjóðastjórnin gefur út. Notkun nafns og einkennis Zonta af utanfélagsmönnum í öðru en fréttaskyni er eingöngu heimil með fyrirfram samþykki forseta ZI.
- 5. Tímaritið Zontian.** Alþjóðastjórnin skal gefa út tímaritið Zontian sem er hið opinbera málagn ZI.

16. grein Þóknun

Stjórn ZI er heimilt að mynda sér stefnu og starfsaðferðir varðandi þóknun til stjórnarmanna, meðstjórnenda og starfsmanna ZI.

17. grein Ályktanir

- 1. Skilgreining og tími.** Ályktun er yfirlýsing sem felur í sér tillögu um stefnu, starfshætti eða framkvæmd. Ályktun samþykkt á heimsþingi er í gildi milli þinga.
- 2. Framlagning.** Ályktun sem heimsþing tekur til skoðunar verður:
 - a) að hafa verið lögð fram af stjórn ZI eða einhverjum stjórnarmanna þar, af umdæmisþingi, klúbbi eða nefnd á vegum ZI.
 - b) að hafa verið póstlögð til laga- og ályktananeftndar ZI a.m.k. 180 dögum fyrir heimsþing nema eins og fyrir er mælt í þessari grein.
- 3. Völd laga- og ályktananeftndar.** Nefndin skal hafa völd til að eiga frumkvæði að ályktunum, til að sameina tvær (2) eða fleiri ályktanir í eina (1) og til að mæla með atriðum í öllum ályktunum sem henni berast. Nefndin getur ákveðið að skýra ekki frá ályktunartillögu sem hún telur að þurfi að athuga nánar, eða sé í andstöðu við markmið Zonta. Verði þetta niðurstaða nefndarinnar skal hún tilkynna það tillöguflytjanda.
- 4. Undanþágur frá skilyrðum** Ef vegna óhjákvæmilegra kringumstæðna, ekki hefur verið hægt að póstleggja ályktunartillögu frá stjórn ZI, frá nefnd á vegum ZI eða frá umdæmisþingi, til ZI laga- og ályktananeftndar 180 dögum fyrir heimsþing, má veita undanþágu frá því skilyrði. Leiðbeiningar um málsmeðferð eru í handbók ZI.
- 5. Níutíu (90) daga tilkynningaskylda.** Afrit allra ályktana hvernig sem fram komnar, skal sent öllum stjórnarmönnum í stjórn ZI, umdæmisstjórn og hverjum klúbbi a.m.k. níutíu (90) dögum fyrir heimsþing.
- 6. Skýrsla til heimsþings.** Formaður laga- og ályktananeftndar ZI, skal í skýrslu sinni til heimsþings um hverja ályktunartillögu fyrir sig, geta um hvort stjórn ZI mæli með henni eða ekki eða sé hlutlaus.
- 7. Ályktanir sem ekki eru kynntar fyrirfram.** Ef ekki var fyrir séð nauðsyn ályktunar í tíma þannig að tilkynningarskyldu samkvæmt þessari grein yrði ekki fullnægt og frestun á ályktun myndi ómerkja hana getur heimsþing með tveimur þriðju hlutum atkvæða ákveðið að taka ályktun til athugunar.

18. grein Fundarsköp

Viðurkennd þingsköp skulu gilda hjá ZI svo fremi þær séu ekki í ósamræmi við þessi félagslög ZI eða við starfsreglur sem ZI hefur sett.

19. grein Lagabreytingar

- 1. Breytingar** Félagslögum þessum má breyta með tveimur þriðju (2/3) atkvæða fulltrúa og umboðsatkvæða á heimsþingi enda:

- a) hafi breytingartillagan komið frá stjórn ZI, umdæmisþingi eða laga- og ályktananevnd ZI, eða frá endurskoðunarnefnd sem heimsþing eða stjórn ZI hefur skipað.
- b) hafi breytingartillagan frá umdæmisþingi verið send ZI laga- og ályktananevnd innan þrjátíu (30) daga eftir umdæmisþing.
- c) hafi breytingatillögur frá stjórn ZI verið sendar laga- og ályktananevnd a.m.k. 30 dögum fyrir síðasta fund hennar fyrir heimsþing og
- d) skýrsla laga- og ályktananevndar þar sem fram kemur skoðun stjórnar ZI á afgreiðslu hvernar breytingartillögu, þ.e. um samþykki, höfnun eða hlutleysi um afgreiðslu verið send frá aðalstöðvum til stjórnar ZI, umdæmisstjóra, varaumdæmisstjóra og formanns hvers klúbbs a.m.k. níutíu (90) dögum fyrir heimsþing.

Breytingar á þessum félagslögum ZI skulu taka gildi við slit þess heimsþings sem samþykkir þær.

- 2. Málsmæðferð breytingatillagna klúbba/umdæma.** Klúbbfélagi getur borið fram tillögu í klúbbi um breytingar á félagslögum ZI eða starfsreglum. Eftir samþykki klúbbs getur klúbburinn sent tillöguna til umdæmisstjórnar. Ef umdæmisstjórnin ákveður að tillagan krefjist ekki frekari athugunar skal hún birta hana öllum öðrum klúbbum í umdæminu a.m.k. sextíu (60) dögum fyrir umdæmisþing og skal afhenda öllum fulltrúum á umdæmisþingi breytingatillöguna. Umdæmisstjórn getur einnig lagt breytingatillögu fyrir umdæmisþing með sama hætti. Samþykki meirihluti fulltrúa og umboðsatkvæða á umdæmisþingi tillöguna, skal ritari umdæmisins senda hana til laga- og ályktananevndar ZI innan þrjátíu (30) daga frá umdæmisþingi.
- 3. Samhljóða breytingatillögur.** Komi fram fleiri en ein breytingartillaga sama eðlis skal laga- og ályktananevnd ZI fara yfir slíkar breytingatillögur og kynna stjórn ZI þá breytingu sem best þjónar hagsmunum ZI. Ef framkomin breytingartillaga er ekki lögð fyrir heimsþing skal nefndin tilkynna það tillöguflutjanda.
- 4. Sjálfkrafa aðlögun.** Ef einhver breyting við þessi félagslög veldur því að klúbblög verði í andstöðu við félagslög ZI skal litið svo á, að aðlaga beri klúbblög þeirri breytingu.
- 5. Stofnsáttmáli.** Stofnsáttmála ZI má breyta með tveimur þriðju (2/3) atkv. á heimsþingi ZI til samræmis við breytingar á félagslögum ZI, eða í samræmi við verklagsreglur um lagabreytingar.

20 grein Starfsreglur

Starfsreglur (Rules of Procedures) eru grundvallarreglur um starfsemi ZI og gilda uns þær eru felldar úr gildi eða þeim breytt með meirihluta atkvæða fulltrúa og umboðsatkvæða á komandi heimsþingi. Milli heimsþinga getur stjórn ZI samþykkt starfsreglur og skal hún tilkynna klúbbum um þær og ástæður fyrir þeim. Hinar nýju reglur geta gilt fram að heimsþingi. Þá nemur stjórn ZI þær úr gildi eða leggur þær fyrir heimsþing til staðfestingar. Ef stjórnin kys að fella starfsreglur úr gildi þá má ekki samþykkja þær að nýju af næstu stjórn. Allar starfsreglur sem lagðar eru fram og staðfestar á heimsþingi skulu vera í gildi þangað til

þær eru felldar úr gildi eða annað um þær ákveðið af heimsþingi. Laga- og ályktananevnd ZI má leggja framkomnar breytingatillögur á starfsreglum fyrir heimsþing til ákvörðunar.

21 grein **Orðskýringar**

Sérstök orð notuð í lögum og reglum ZI. Aðeins stjórn ZI eða heimsþing má breyta þessum orðskýringum.

Eftirmáli: Þessi lög hafa verið yfirfarin og leiðrétt eftir lagabreytingar á heimsþingi Zonta í Orlando 2014 fyrir Zontaklúbb Akureyrar.

Mars 2015

Jóhanna Valdemarsdóttir
Ingibjörg Elíasdóttir

Orðskýringar: algeng orð í texta um Zontamál:

Actively Engaged in a Classification	Vinna a.m.k. í hálfu starfi í þeirri starfsgrein sem staðið er fyrir í Zonta
Activities	Í orðasambandinu “variety of a.“ er átt við fjölbreytni starfsgreina
Advocacy	Stuðningur við málstað, áhrif á t.d. lagasetningu eða viðhorf (hér: til stuðnings markmiða Zonta í réttindamálum kvenna).
Alternate	Kosinn varamaður kosins fulltrúa klúbbs
Amendment	Orðalagsbreyting – lagabreyting
Area	Svæði/ land
Audit	Endurskoðun reikninga (löggild)
Review	Skoðun reikninga, minniháttar athugun
Chairman	Fundarstjóri, nefndarformaður.
Classification	Starfsgreinaflokkur (tilgreindur í M.de F. Membership Manual)
Club	Zonta Club, E-club etc.
Compilation	Reikningsyfirlit
Delegate	Kosinn fulltrúi sem greiðir atkvæði á Zontafundum/landsfundum Fara yfir reikninga
Executive	Persóna í stjórnunarstöðu
Ex Officio	Í krafti embættis síns
Good Standing	Klúbbur skuldlaus við svæði, umdæmi og ZI, hefur <u>staðið skil á gildu félagatali</u> og öðrum upplýsingum sem aðalstöðvar krefjast-þ.e. starfar eftir fyrirmælum laga og reglna ZI. Félagi skuldlaus við klúbb sinn og starfar eftir Zonta reglum.
Guidelines	Vinnulag sem mælt er með af stjórn ZI skv. skýrslum frá t.d. nefndum eða félögum, ekki bindandi
Leave of Absence	Leyfðar fjarvistir frá fundum og Zontastarfi
Mail	Póstur, líka skrifleg, munnleg og rafræn skilaboð
May	Um að hafa leyfi til/ mögulegt
Networking	Fólk með svipaða hagsmuni sem skapar sambönd sér til gagns
Nonpartisan	Óháð stjórnmalasamtökum
Nonsectarian	Óháð trúarbrögðum
Policy	Stjórnunaraðferð, áform varðandi sérmál/markmið

Previous Notice	Krafa í félagslögum um skriflegt eða munnlegt fundarboð með fyrirvara, ef ræða á sérstök mál
Principles	Atriði til umræðu varðandi stefnumótun
Professional	Persóna í vinnu sem krefst sérþekkingar/kunnáttu/þjálfunar
Programs	Stærri verkefni samþ. á heimsþingi kostuð af ZI- sjóðnum
Project	Sérstök skemmri tíma verkefni klúbba, umdæma eða hjá ZI undir væng stærri verkefna
Proof of Service	Skrifleg staðfesting um sendingu
Proxy	Umboð
Public Issue	Mál sem varðar miklu fyrir almenning
Quorum	Ákvörðunarbær meirihluti
Region	Landssvæði með Zontaklúbbum sem nær ekki að verða umdæmi
Review	Skoðun reikninga, minniháttar athugun
Rules of Procedure	Nákvæm fyrirmæli um stjórnun
Shall	Um skyldu/kröfu um að e-ð sé gert
Vacancy	Forföll
Vote	Atkvæðagreiðsla – hjá Zonta miðast hún við félag, viðstadda og með atkvæðisrétt
Ballot	Atkvæðaseðill
Ballot vote	Skrifleg, leynileg atkvæðagreiðsla
Majority vote	Einfaldur meirihluti
Plurality vote	Flest atkvæði í kosningu

Handbækur:

The Zonta Club Manual

The Zonta District Manual

The Zonta International Manual

Marian de Forest Membership & Classification Manual

Organization and Extension Manual

Convention Manual

Aths. Zonta e-klúbbur er klúbbur sem heldur fundi sína á Netinu. Tilgangur e-klúbba og staða innan ZI er nákvæmlega sú sama og annarra Zontaklúbba. Sjá nánar: Questions & Answers regarding e-clubes á vefsíðu ZI.